

2017-12-0019

Skógræktarfélag Ísafjarðar

9 ágúst 2018

Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafirði

Framkvæmdaleyfi fyrir göngustíg

27. nóvember síðast liðinn sótti félagið um framkvæmdaleyfi fyrir skógarstíg á Eyrarhlíð sjá meðfylgjandi afrit af þeirri umsókn. Þar var áformaðri stígagerð lýst, m.a með uppdráttum.

Skipulags og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar tók erindið fyrir 20.12.17 og var bókun nefndarinnar svohljóðandi: „Erindi frestað“. Síðan hefur félagið ekki opinberar fréttir af málinu. Hlærað hefur verið það sjónarmið að lega stígsins sé ekki í samræmi við skipulag og því ekki hægt að samþykkja erindið.

Sjónarmið félagsins er það, að á skipulagi er stígur um skógræktarsvæði sem félagið sér um. Eðlilegt er að útfæra og hanna legu stígs af þessari gerð nánar á staðnum, þannig að lega hans falli sem best að landinu en skipulagsleg markmið með stígnum haldast óbreytt fyrir það. Telji Ísafjarðarbær að það þurfi skipulagsbreytingu til að hægt sé að leggja stíginn þarf að vinna að henni hratt og vel.

Á meðan málið er metið og mögulega unnið að skipulagsbreytingunni óskar félagið eftir að hefja framkvæmdir við innsta hluta stígsins tæplega 500 m langan kafla, frá Skíðavegi að gömlu námunni fyrir ofan Grænagarð. Sjá nánar á meðfylgjandi uppdráttum. Sá hluti stígsins hefur legu mjög líka þeirri sem skipulagið sýnir. Opin leið er þaðan áfram út eftir eftir akvegi sem gerður var í tengslum við snjóflóðagarð og getur þessi kafla stígsins því nýst sem slíkur þó að meira verði ekki gert. Eins og kemur fram í fyrri umsókn er þessi hluti stígsins á gömlum vegi að sumarústöðunum sem þarna voru.

Óskað er eftir leyfi til að hefja framkvæmdir nú í haust og verður undirbúningi hraðað. Félagið mun að sjálfsgöðu kappkosta góðan frágang og að stígurinn falli sem best að landinu. Eitthvað af plöntum er fyrir og verður reynt að færa þær með gröfunni sem leggur stíginn, eða einfaldlega saga trén í burtu.

Ísafirði

Fyrir hönd Skógræktarfélags Ísafjarðar.


Gísli Eiríksson

formaður

Skógræktarfélag Ísafjarðar

Ísafirði 27.11.17

Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafirði

Framkvæmdalefi fyrir göngustíg

Skógræktarfélag Ísafjarðar hefur stundað skógrækt í Skutulsfirði í 70 ár eins og aðstæður hafa leyft á hverjum tíma, öllum bæjarbúum til hagsbóta. Frumherjarnir byrjuðu að rækta timburskóg eða töldu sig gera það. En niðurstaðan frekar útivistarskógur og mikil þekking. Markmiðið er að sem víðast verði útivistarskógur fyrir bæjarbúa með göngustígum og öðrum útivistarmöguleikum.

Undanfarna tvo áratugi hefur mikið verið plantað í Eyrarhlíð, svæðið frá Skíðavegi út að Stóruðarskógi. Þessi plöntun er nú víða farin að sjást vel, annars staðar mun hún sjást vel á næstu árum en svo vantar alveg plöntun í einhverja skika og helst þyrfti að komast með plöntur ofar í hlíðina sums staðar.

Félagið hafði að sjálfsögðu leyfi bæjarins fyrir þessari plöntun og eru ýmis bréf til varðandi það. Aldrei var þó gengið frá formlegum samningi um svæðið.

Skógræktarfélagið sér um skógræktarskipulag þess svæðis, sem ætlað er undir skógrækt samkvæmt samkomulagi. Í því fellst hvaða tegundum skuli plantað, hvar einstökum tegundum skuli plantað, hvar leggja skuli göngustíga og gera ráð fyrir rjóðrum og öðru sem skógargöngum tilheyrir. Varðandi skógræktarskipulag hefur félagið gegn um tíðina leitað til sérfræðinga Skógræktarfélags Íslands og annarra eftir atvikum.

Nú er komið að því að leggja stíg um þetta svæði og tengja skógræktarsvæðið í Eyrarhlíð við Stóruðarreitinn að utan og Karlsárskóg að innan. Í tengslum við gerð varnargarða eru komnir vegir að hluta fyrir neðan svæðið eða neðarlega. Það vantar hins vegar stíg ofar uppi í skóginum sjálfum.

Meðfylgjandi er uppdráttur af slíkum stíg. Hann er hugsaður frá Skíðavegi nokkuð fyrir neðan vegamót við stíg inn eftir. Liggur fyrst eftir gömlum vegi en hækkar síðan upp í botn námunnar í Grænagarðshrygg um 500 m frá skíðavegi í um 45 m h. y. s. Þaðan er lega stígsins nokkuð jafnt upp á við næstu 700 m og er þá kominn upp fyrri gömlu námuna við Engi í um 75 m h. y. s. Síðustu 250 m liggur hann bratt niður í gamla reitinn og inn á núverandi stíg þar, 1440 m frá Skíðavegi í 55 m h. y. s.

Miðað er við að stígurinn sé 3 m breiður fullgerður, það þýðir að undirbygging sem gerð verður í fyrsts áfanga þarf að vera a.m.k. 4 m breið. Mest af leiðinni er um þurt land og hægt að gera stall í skriðuefni, en á stöku stað er bleyta og þarf að endaflytja eitthvert efni. Markmiðið er að stígurinn verði sem næst jafnhalla á hverjum kafla fyrir sig en planlegan verði hlykkjótt svo það náist. Reynslan sýnir það er bæði þægilegra að ganga slíkan stíg og og lega hans verður falllegri í landinu. Þar sem ekki er kominn trjágróður mun stígurinn verða nokkuð áberandi þangað til skógurinn kemur. Þar sem komin eru svona meters há tré mun

Skógræktarfélag Ísafjarðar

hann sjást lítið. Stígurinn er í sjálfu sé sömu gerðar og stígurinn í gegn um Stóruðarlundinn sem enginn sér. Meðfylgjandi er uppdráttur af legu stígsins. Lokahönnun mun þó fara fram á staðnum jafnhliða gerð hans.

Óskað er eftir leyfi til að hefja framkvæmdir í vor og verður undirbúningi haldið áfram í vetur. Félagið mun að sjálfsögðu kappkosta góðan frágang og að stígurinn falli sem best að landinu. Eitthvað af plöntum er fyrir og verður reynt að færa þær með gröfunni sem leggur stíginn, eða einfaldlega saga trén í burtu.

Svo vill til að í stjórn félagsins eru þrír menn sem hafa mikla reynslu af vegagerð hver á sínu sviði. Þetta er að sjálfsögðu ekki vegur til að aka hratt en úrlausnarefnin við að velja stígstæðið, nýta efnið á staðnum og ganga sem best frá raskinu eru öll þekkt frá stærri verkefnum.

Fyrir hönd Skógræktarfélags Ísafjarðar.

Ísafirði 27.11.2017


Gísli Eiríksson

Jóhann B helgason

Sigurður Óskarsson

Hildur D. Arnardóttir

Sædís Ingvarsdóttir




VERKÍS

WWW.VERKIS.IS • TLFN: +354 432 8000

SAÐSTYKKT

A. 2016.05.10 VERKINGJÓRÐ
 VÍÐI. 2016.05.10 VERKINGJÓRÐ
 SKÓGRÉTTARFÉLAGIÐ SAÐ-JARÐAR
 STÍÐUR NEÐRI GLEÐIBARNULLA
 Græmming og þingróð

VERKINGJÓRÐ 08179 TOLLVINGUR
 C72.001.A



VERKÍS

www.verkis.is • sími +354 422 8800

SMYKJÓTT

SKOGREKTAFFELAG ISAFJARDAR
STÍÐJAN NEÐAN GLEÐIRHALLA

Stjórnun og bygging

VERKÍS 08179 Ísland • C72.001-A

© 2018 Verkis. All rights reserved. This document is the property of Verkis and is not to be distributed without written permission.



Blåffstråk, hörrund lase shigs. 9/8 2008 GE



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Skógræktarfélag Ísafjarðar
Dagverðardal
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 28. desember 2017
2017120019

Efni : Göngustígur í Eyrarhlíð - framkvæmdaleyfi

Á 490. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 20.12.2017 var eftirfarandi erindi tekið fyrir:

Skógræktarfélag Ísafjarðar sækir um framkvæmdaleyfi fyrir göngustíg í Eyrarhlíð. Gert er ráð fyrir 3 metra breiðum stíg fullgerðum þ.e. með 4 metra undirbyggingu. Fylgigögn eru umsókn dags. 27.11.2017 og uppdráttur frá Verkís dags. 27.11.2017 og yfirlitsmynd frá tæknideild Ísafjarðarbæjar.

Bókun nefndarinnar:

Erindi frestað.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Axel Rodríguez Överby
- skipulags- og byggingarfulltrúi -